

# Lög Stúdentasjóðs

## I. kafli - Nafn og hlutverk

### • 1. gr. *Almennt*

- Stúdentasjóður Háskóla Íslands er styrktarsjóður stúdenta við Háskóla Íslands. Lög Stúdentasjóðs sækja heimild sína í 7. mgr. 81. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr.569/2009 og fer Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) með vörslu sjóðsins.
- Hlutverk sjóðsins er að efla félags-, fræðslu- og menningar- og alþjóðastarf stúdenta við Háskóla Íslands.
- Markmið og tilgangur sjóðsins er að styðja við stúdenta samkvæmt hlutverki og reglum um Stúdentasjóð Háskóla Íslands. Tilgangur sjóðsins er einnig að koma til móts við útgjöld stúdenta við Háskóla Íslands sem fara í greiningu vegna sértækra námsörðugleika og vegna athyglisbrests/ofvirkni (ADD/ADHD).

## II. kafli - Sjóðsstjórn

### • 2. gr. *Skipun stjórnar*

- Í stjórn sjóðsins skulu sitja sjö fulltrúar skipaði til eins árs í senn, og skal skipun þeirra fara fram fyrir 15. september ár hvert. Tveir eru skipaðir af stúdentaráði, sbr. 7. gr. laga um stúdentaráð, og fimm eru skipaðir eftir kosningu sviðsráða stúdentaráðs, og skal einn fulltrúi tilnefndur af hverju fræðasviði. Rektor skipar áheyrnarfulltrúa í stjórn sjóðsins.

### • 3. gr. *Fundir stjórnar*

- Á fyrsta fundi sjóðstjórnar, sem haldinn skal fyrir 1. október, kýs stjórnin forseta og varaforseta. Forseti stúdentaráðs ber ábyrgð á fundarboði á fyrsta fund sjóðstjórnar. Þeir einir eru kjörgengir í embætti forseta og varaforseta sjóðstjórnar sem hlutu skipun sína með kosningu sviðsráða Stúdentaráðs, sbr. 2. gr. Forseti sjóðstjórnar er í forsvari fyrir sjóðinn og ber jafnframt ábyrgð á starfsemi sjóðsins samkvæmt lögum þessum og verklagsreglum sjóðsstjórnar.
- Sjóðstjórn skal halda fundargerðir, og skal varaforseti gegna hlutverki ritara sjóðstjórnar. Halda skal skrá yfir umsóknir og afgreiðslu þeirra með vísan til þeirra ákvæða laga Stúdentasjóðs sem afgreiðsla er byggð á. Viðkvæmar persónuupplýsingar skulu afmáðar úr skrá þessari. Skráin skal vera aðgengileg milli ára án persónugreinanlegra gagna, geymd tryggilega á skrifstofu Stúdentaráðs og skulu gögnin varðveitt í fimm ár.
- Forseta SHÍ er heimilt að sitja fundi sjóðsstjórnar. Forseti Stúdentaráðs getur framselt öðrum starfsmanni skrifstofu SHÍ áheyrnaraðild sína fyrir hvern fund. Þá skipar rektor einnig áheyrnarfulltrúa í stjórn sjóðsins, sbr. 2. mgr. 81. gr. reglna nr. 569/2009. Áheyrnarfulltrúar hafa ekki atkvæðisrétt en eiga jafnan rétt á að fá aðgang að fundargögnum, enda hafi þeir þegar undirritað trúnaðaryfirlýsingu.
- Stjórnarfundur er ályktunarbær ef a.m.k. 4 kjörnir meðlimir sjóðsstjórnar eru viðstaddir.
- Ákvarðanir skulu bornar undir atkvæðagreiðslu, enda varði þær hagsmuni styrkþega, umsækjenda um styrk, ályktanir stjórnar eða önnur þýðingarmikil málefni. Ef atkvæði standa á jöfnu ræður atkvæði forseta, eða atkvæði varaforseta í fjarveru forseta. Minniháttar málefni skulu alla jafna ekki borin upp til atkvæðagreiðslu. Stjórnarmeðlimur getur þó ávallt knúið fram atkvæðagreiðslu um tiltekið málefni eða ákvörðun.
- Nú hefur atkvæðagreiðsla gengið um tiltekið málefni eða ályktun og er sú niðurstaða þá bindandi fyrir sjóðsstjórn. Sjóðsstjórn er þó heimilt að taka til skoðunar og endurtaka atkvæðagreiðslu um ákvörðun sem sjóðsstjórn hefur þegar greitt atkvæði um, enda séu

málefnalegar forsendur þar að baki og fram hafa komið nýjar upplýsingar sem kunna að hafa áhrif á ákvörðunina.

▪ **4. gr. Verklagsreglur sjóðsstjórnar**

□ Sjóðsstjórn skal setja sér verklagsreglur samkvæmt lögum um Stúdentasjóð. Verklagsreglurnar skulu birtar á vefsíðu SHÍ áður en umsóknarfrestur fyrstu úthlutunar hefst og gilda reglurnar um allar úthlutanir á því starfsári.

□ Sjóðsstjórn er heimilt að útfæra afgreiðslu styrkja í verklagsreglum en er óheimilt að þrengja skilyrði styrkja samkvæmt lögum um Stúdentasjóð. Gangi verklagsreglur sjóðsstjórnar í berhögg við lög þessi, eða eru ósamrýmanlegar þeim að öðru leyti, skulu löginn ganga frammar.

□ Sjóðsstjórn getur í verklagsreglum kveðið á um kröfur til umsókna, hvaða gögn og upplýsingar skulu koma þar fram og um form umsókna.

▪ **5. gr. Hæfisreglur**

□ Um vanhæfi meðlima innan stjórnar eða áheyrnarfulltrúa til meðferðar máls gilda vanhæfisreglur stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

□ Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru óverulegir, þáttur stjórnarmeðlims eða áheyrnarfulltrúa í meðferð málsins er það lítilfjörlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun, eða eðli máls býður svo að öðru leyti.

□ Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess.

□ Stjórnarmeðlimur eða áheyrnarfulltrúi, sem vanhæfur er til meðferðar máls, skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess.

□ Stjórnarmeðlimur eða áheyrnarfulltrúi, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli forseta sjóðsstjórnar á þeim.

□ Sé uppi vafi um hæfi stjórnarmeðlims eða áheyrnarfulltrúa um meðferð máls skal sjóðsstjórn skera úr um það. Sá sem ákvörðunin beinist að skal víkja úr fundarsal meðan sjóðsstjórn úrskurðar um hæfi hans og greiðir ekki atkvæði um eigið hæfi.

▪ **6. gr. Trúnaðarskylda sjóðsstjórnar**

□ Allar umsóknir skal meðhöndla sem trúnaðarmál. Sjóðurinn áskilur sér leyfi til birtingar lista yfir styrkþega og brot úr skýrslum þeirra. Stúdentasjóður mun þó aldrei birta persónugreinanlegar upplýsingar er varða viðkvæm fjárhagsleg, heilsufarsleg eða persónuleg málefni.

### III. kafli - Styrkir Stúdentasjóðs

▪ **7. gr. Fjármagn sjóðsins**

□ Sjóðurinn skal hafa til ráðstöfunar það fé sem háskólaráð úthlutar honum ár hvert. Einnig má fjármagna hann með gjöfum og framlögum sem honum kunna að berast.

□ Skrifstofa SHÍ annast greiðslur úr sjóðnum í samræmi við ákvörðun sjóðsstjórnar og lög þessi.

▪ **8. gr. Styrkumsóknir**

□ Allir stúdentar við Háskóla Íslands geta sótt um styrk, í eigin nafni, eða í nafni félags innan Háskólans.

□ Starfsemi á vegum Stúdentaráðs eða nefnda ráðsins er ekki styrkt.

□ Viðburðir sem kostaðir eru alfarið af HÍ eða öðrum styrkveitanda eru ekki styrktir.

□ Aðilar sem starfa í pólitískum tilgangi og bjóða fram til kosninga Stúdentaráðs eða Háskólaráðs eru styrktir ef afgangur er af úthlutuðu sjóðfé í hverri úthlutun.

▪ **9. gr.** *Fastir styrkir*

□ Hvert félag sem starfar innan Háskóla Íslands, svo sem nemendafélög deilda, alþjóðleg félög og hagsmuna og menningarfélög geta sótt um fasta styrki. Fastir styrkir eru til þess fallnir að styðja við almenna starfsemi félaga og gera þeim kleift að standa straum af föstum kostnaði. Úthluta skal hverju því félagi föstum styrkjum, enda sæki forsvarsmaður félags um slíkan styrk.

□ Fastir styrkir eru annars vegar félagsstyrkur og hins vegar höfðatölustyrkur. Hvert félag getur fengið úthlutun af hvorum föstum styrk einu sinni á misseri. Sjóðsstjórn ákvarðar fjárhæð fastra styrkja á fyrsta fundi og gildir sú ákvörðun þar til ný sjóðsstjórn tekur við. Fjárhæðir fastra styrkja skulu tilteknar í verklagsreglum Stúdentasjóðs.

□ Lög félags skulu fylgja umsókn um fastan styrk.

□ Um fasta styrki gildir:

1. Félagstyrkur er styrkur að fastri fjárhæð sem veittur er félagi óháð fjölda félagsfólks. Sjóðsstjórn skal verja að lágmarki 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til þessarar styrkveitingar.

2. Höfðatölustyrkur er veittur félögum en fjárhæð styrksins ræðst af fjölda félagsfólks, og skal greitt fyrir hvern félag sem stundar nám við Háskóla Íslands. Einungis félög með 15 félag eða fleiri eiga kost á slíkum styrk, skili þau inn háskólanetfangi félagsmeðlima. Styrkurinn skal vera ákvarðaður fyrir hvern félag í verklagsreglum ár hvert. Hann skal hvorki nema minna en 5% né meira en 10% af höfuðstól sjóðsins.

3. Félag, sem hefur verið stofnað á síðustu þremur árum fyrir styrkumsókn, á rétt á að sækja um endurgreiðslu á kostnaði við opinbera skráningu félagsins ef kvittun fylgir til staðfestingar á þeim kostnaði sem sótt er um styrk fyrir.

▪ **10. gr.** *Sérstyrkir*

□ Hægt er að sækja um sérstyrk fyrir því sem samræmist tilgangi og hlutverki sjóðsins, sbr. 2. mgr. 1. gr. ef kvittun fylgir til staðfestingar á þeim kostnaði sem sótt er um styrk fyrir.

□ Til sérstyrkja teljast þeir styrkir sem falla utan fastra styrkja samkvæmt 9. gr Eftirfarandi flokkun sérstyrkja er til leiðbeiningar:

1. Ferðastyrkur.

2. Útgáfustyrkur.

3. Sérstakur verkefnastyrkur.

4. Viðburðastyrkur.

5. Greiningarstyrkur.

6. Framfærslustyrkur.

□ Stúdent, eða félag sem starfar innan Háskóla Íslands, getur sótt um sérstyrki.

□ Fari fjárhæð samþykkrtra styrkbeiðna um sérstyrk yfir ráðstöfunarheimild Stúdentasjóðs samkvæmt lögum þessum, skulu styrksfjárhæðir lækka hlutfallslega í samræmi við ráðstöfunarheimild þess sérstyrks.

▪ **11. gr.** *Ferðastyrkur*

Stúdentar geta sótt um styrki vegna ferðakostnaðar sem hlýst af þátttöku í hvers kyns ráðstefnum, málfundum og sambærilegum viðburðum, jafnt innan landsteinanna sem utan, þ.e. skipulögðum ferðum á vegum félaga, menntastofnana eða öðrum sambærilegum lögaðilum, þar sem tilgangur og markmið er t.d. samráð, samstarf, fundir eða fræðsla. Til ferðakostnaðar telst

flugfargjald, gisting, samgöngur og annar sambærilegur kostnaður. Stúdent, eða félag í hans nafni, getur óskað eftir endurgreiðslu allt að 60% hluta þess kostnaðar sem stofnaðist til vegna ferðarinnar.

□ Beinar skipulagðar námsferðir og skiptináms sem veita ECTS-einingar eða eru hluti af námi eru ekki styrkhæfar.

□ Allt að þrjú ferðastyrkir eru veittir fyrir hverja ferð.

□ Heildarráðstöfun styrkja samkvæmt 1. mgr. skal að hámarki nema 30% af höfuðstól sjóðsins.

□ Sjóðsstjórn getur óskað eftir gögnum til staðfestingar á viðburðinum.

• **12. gr. Útgáfustyrkur**

□ Hægt er að sækja um styrk fyrir beinum kostnaði er hlýst af útgáfu fræðiritra og annarra tímarita, t.d. vegna prentunar eða umbrots.

□ Auglýsingar eða rit sem er gefið út í hagnaðarskyni fæst ekki styrkt af Stúdentasjóði. Launakostnaður eða launatengd gjöld eru ekki styrkt.

□ Afhenda skal stjórn Stúdentasjóðs kvittanir fyrir þeim kostnaði sem sótt er um styrk fyrir.

• **13. gr. Sérstakur verkefnastyrkur**

□ Hægt er að sækja um styrki fyrir viðburðum til fræðslu sem haldnir eru í Háskóla Íslands, t.d. fundum, ráðstefnum og fyrirlestrahaldi.

□ Einnig er hægt að sækja um styrk fyrir sjálfbodaðaverkefni stúdenta innan Háskóla Íslands, sem tengist námi þeirra. Til sjálfbodaðaverkefna teljast t.d. ráðgjöf eða önnur þjónusta veitt af stúdentum. Verkefnunum skal almennt vera stýrt af stúdentum og til þess fallin að stúdentar afli sér reynslu og þekkingar sem veitir þó ekki einingar.

• **14. gr. Viðburðastyrkur**

□ Hægt er að sækja um styrk fyrir skemmti- og menningarviðburðum, t.d. íþróttakeppnum og leiksyningum ásamt þeim viðbótarkostnaði sem leggst á nemendafélög við að tryggja aðgengi fyrir öll.

□ Til þess að viðburður sé styrkhæfur skal hann auglýstur á auglýst innan veggja skólans og vera öllum stúdentum opinn. Aðgengi skal einnig tryggt.

• **15. gr. Greiningarstyrkur**

□ Stúdent við Háskóla Íslands getur sótt um styrk fyrir allt að 60% kostnaðar sem kom til vegna greiningar á athyglisbresti með eða án ofvirkni (ADHD), eða öðrum sértækum námsörðugleikum.

□ Greining telst gild til styrks hafi hún verið vottuð innan 5 ára frá degi úthlutunar.

□ Greiningarstyrkir eru aðeins veittir í seinni úthlutun sjóðsins á hverju misseri.

□ Heildarráðstöfun styrkja samkvæmt 1. mgr. skal að hámarki nema 5% af höfuðstól ráðstöfunarfjár sjóðsins.

• **16. gr. Framfærslustyrkur**

□ Erlendir stúdentar við Háskóla Íslands, sem Erasmus+ styrkur nær ekki til, geta sótt um framfærslustyrk vegna fjárhagslegra erfiðleika, í seinni úthlutun hverrar annar. Þá þarf stúdent að sýna fram á staðfestingu á dvalarleyfi vegna náms.

□ Stúdentar við Háskóla Íslands með gilt örorkumat, geta einnig sótt um styrk skv. 1. mgr., fylgi gilt örorkumat með umsókn.

□ Sjóðsstjórn er heimilt að mæla fyrir um nánari framkvæmd í verklagsreglum.

□ Heildarráðstöfun styrkja samkvæmt 1. mgr. skal að hámarki nema 10% af höfuðstól sjóðsins.

#### **IV. kafli - Úthlutunarreglur**

▪ **17. gr.** *Úthlutunartímabil*

□ Sjóðsstjórn skal úthluta styrkjum a.m.k. tvisvar á hvoru misseri. Fyrsta úthlutun skal fara fram fyrir 1. nóvember. Sjóðsstjórn skal auglýsa væntanlega úthlutun í tölvupósti til allra stúdenta Háskóla Íslands og á samskiptamiðlum SHÍ, eigi síðar en tveimur vikum fyrir umsóknarfrest. Sjóðsstjórn skal sérstaklega leitast við að upplýsa forsvarsfólk félaga um fasta styrki.

□ Úthlutun skal fara fram eigi síðar en tveimur vikum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

▪ **18. gr.** *Afgreiðsla umsókna*

□ Sjóðsstjórn ber að tilkynna umsækjanda um afgreiðslu umsóknar í tölvupósti, óháð niðurstöðu. Þar skal einnig tilgreina fjárhæð styrks og hvar megi vitja hans.

▪ **19. gr.** *Ákvarðanir sjóðsstjórnar*

□ Ákvarðanir sjóðsstjórnar eru bindandi.

#### **V. kafli - Skyldur styrkþega**

▪ **20. gr.** *Skil á umsókn*

□ Umsóknum skal skilað rafrænt. Umsóknareyðublöð ásamt lögum þessum og verklagsreglur sjóðsins skulu vera aðgengilegar á heimasíðu SHÍ.

□ Umsóknum sem berast of seint sem og ófullnægjandi umsóknum verður sjálfkrafa vísað frá. Mögulegt er að leggja þær aftur fyrir við næstu úthlutun.

▪ **21. gr.** *Greinargerð*

□ Hverri umsókn um sérstyrk skulu fylgja kvittanir fyrir þeim útgjöldum sem sótt er um styrk fyrir og skýringar á þeim, eftir því sem við á. Allur kostnaður skal tilgreindur í íslenskum krónum á gengi þess dags sem reikningur vegna hans er gefinn út.

□ Sæki umsækjandi aftur um styrk vegna sama viðburðar, verkefnis eða af sömu ástæðu, skal það skýrt tekið fram í umsókn um styrk.

□ Í umsókn um styrk skal umsækjandi tilgreina aðra styrki sem fengist hafa til sama viðburðar/verkefnis/ferðar.

□ Nú hefur umsækjandi eða styrkþegi gerst uppvis af því að hafa vísitandi villt fyrir um forsendur umsóknar sinnar og getur þá sjóðsstjórn dregið þá fjárhæð sem umsækjandi hlaut með styrk frá síðari styrkbeiðni umsækjanda.

#### **VI. kafli - Gildistaka, bráðabirgðaákvæði og annað**

▪ **22. gr.** *Skýrsla sjóðsstjórnar*

□ Stjórn sjóðsins ber að senda rektor ársreikninga sjóðsins ásamt skýrslu um hvernig fé hans hefur verið varið.

□ Sjóðsstjórn skal að loknu hverju kjörtímabili og eigi síðar en 1. júlí senda SHÍ skriflega skýrslu um starf sitt og skulu þar koma fram athugasemdir ef einhverjar eru um lög þessi og gildandi verklagsreglur sjóðsstjórnar.

□ Sjóðsstjórn skal, að lokinni hverri úthlutun, senda skrifstofu SHÍ skýrslu um störf sín. Í skýrslunni skal tilgreina nauðsynlegar upplýsingar til úthlutunar, svo sem upphæð styrkja og til hvers skuli greiða þá, en gæta að persónuvernd umsækjanda.

▪ **23. gr.** *Endurskoðun laga*

□ Lagabreytinganefnd SHÍ skal endurskoða lög þessi á þriggja ára fresti.

□ Við endurskoðun laganna skal lagabreytinganefnd leitast eftir samráði við sjóðsstjórn og aðra hagsmunaaðila.

▪ **24. gr.** *Gildistaka laga*

□ Lög þessi eru sett með tilvísun í 81. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 og taka þegar gildi og falla þá eldri lög um Stúdentasjóð úr gildi.

*Lög þessi tóku gildi 9. Október 2023*